

NÝ HEILDAR- EINKUNN

EIGINLEIKI	ELDRI EINKUNN	NÝ HEILDAREINKUNN NAUT	KÝR
Afurðir	44%	36%	36%
Frjósemi	8%	10%	11%
Frumutala	8%	8%	9%
Júgur	8%	10%	11%
Spenar	8%	10%	13%
Mjaltir	8%	8%	10%
Skap	8%	8%	10%
Ending	8%	10%	

Við síðustu keyrslu á kynbótamati var notuð breytt heildareinkunn samkvæmt ákvörðun fagráðs í nautgiparækt. Sú ákvörðun byggir á niðurstöðum verkefnis um mat á hagrænu vægi eða gildi eiginleika í ræktunarstarfinu.

Um nokkra breytingu er að ræða frá eldri einkunn og vegur þar þyngst að vægi afurða lækkar úr 44% í 36%, sjá töflu.

Önnur stór breyting er að nú er heildareinkunnin tvenns konar, þ.e. ein fyrir naut og önnur fyrir kýr. Nautaeinkunn fá þau naut sem hafa reiknað kynbótamat fyrir endingu sem byggir á lifun dætra þeirra. Með lifun er átt við dagafjölda frá 1. burði til afsetningardags.

Þá er rétt að fram komi að samsetningu afurðaeinkunnarinnar var einnig breytt. Nú er ekki lengur eingöngu horft á prótein-afurðir heldur bæði fitu- og próteinafurðir. Þannig samanstendur afurðaeinkunnin af

47% fituafurðum, 48% próteinafurðum og 5% próteinhlutfalli. Ástæðan fyrir þessari breytingu er einkum og sér í lagi sú staðreynd að verðmæti mjólkurfitu jókst þegar verðhlutföll mjólkur breyttust og farið var að greiða fyrir fitu og prótein í sömu hlutföllum.

Ef horft er til einkunnar nauta þá eykst vægi eða áhersla á frjósemi dætra, júgur- og spenagerð og endingu. Hjá kúnum er áhersla aukin á frjósemi, júgur- og spenagerð, mjaltir og skap.

Þessi breyting hefur nokkur áhrif á kynbóta- eða heildareinkunn einstakra gripa. Þannig lækka þeir gripir í heildareinkunn sem sækja styrk sinn í mikla afurðagetu sem og þeir gripir sem hafa lágt mat fyrir fituhlutfall. Hins vegar hækka þau naut í mati sem hafa hátt mat fyrir frjósemi, júgur, spena og endingu. Hjá kúnum verða svipaðar breytingar nema hvað hátt mat fyrir mjaltir og skap kemur þeim til góða og ending hefur engin áhrif.

Til þess að skoða þetta betur er rétt að taka dæmi um hátt metið naut. Þar getum við skoðað Sjarna 12090 sem lækkar í mati

um ein fjögur stig, fer niður í 111 stig. Þessi breyting á heildareinkunn hefur ekkert með gæði nautsins að gera sem slík. Hann stendur eftir sem áður með sína kosti og galla. Hins vegar hafa vægisbreytingarnar þau áhrif að hann fellur ekki eins vel að ræktunarmarkmiði stofnsins og áður. Þar vegur þyngst lágt mat hans fyrir fituhlutfall í mjólk dætra sem lækkar afurðaeinkunn hans en hún vegur eins og áður þungt í heildarmati. Þá er Sjarmi með neikvætt mat fyrir frjósemi dætra sem vegur þyngra en áður.

Þessar breytingar falla mjög vel að vilja kúabænda sem komið hefur fram, bæði í könnun í tengslum við verkefnið um hagrænt vægi eiginleika og áherslu í pörunaráætlunum. Þar hefur komið skýrt fram að menn vilja minnka áherslu á afurðagetu en auka á aðra mikilvæga eiginleika. Auðvitað er það svo að áhrif þessara breytinga munu ekki koma fram á svipstundu. Þau koma ekki fram að fullu fyrr en þau naut sem verið er að velja í dag skila dætrum og sonum inn í framleiðslu og ræktunarstarfið.


LÍMTRÉSHÚS

Límtréshús í mörgum stærðum og gerðum. Eigum staðlaðar gerðir á hagstæðum kjörum.




YLEININGAR

Hágæða yleiningar fyrir veggi og þök úr steinull eða PIR. Þakgluggar, áfellur og allar festingar fást einnig.



STÁLGRINDARHÚS

Margar stærðir og útfærslur af stálgrindarhúsum. Þjóðum málað eða heitgalvaniserað stál.



www.bkhonnun.is
sala@bkhonnun.is
865-9277

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR